

Fræði sjónmenningar - MMF06, kennari Anna Jóhannsdóttir.

Verkefni 2, námsdagbók

11.september

Hef verið að skoða vefinn í leit að listaverkum fyrir áfangann fræði sjónmenningar en þar er okkur ætlað að velja 2 verkefni og gera á þeim formræna- og þjóðfélagslega greiningu. Þessi hugtök eru mér framandi en samkvæmt verkefninu þá er merkja þessi hugtök:

- **formræn greining:** Skyggst er eftir merkingu verks sem tengist t.d. formi, línu, lit, áferð eða myndbygginguog
- **þjóðfélagsleg greining:** Skyggst er eftir merkingu verks sem tengist þjóðfélagssamhengi eða pólitísku inntaki


Ég skoðaði vefinn og fann ýmis verk sem vöktu athygli mína, meðal annars verk sem ég hef skoðað á ferðum mínum hér á landi og erlendis. Í dag beindist hugur minn að verkum sem eru í eigu skólans sem ég vinn við og ég ákvað að velja tvö af þeim til umfjöllunar. Á undan förnum vikum hafa iðnaðarmenn verið að mála skrifstofuálmú skólans og þá voru þessi verk tekin niður og nú er verið að finna þeim nýja staði þar sem þau njóta sín betur en þau gerðu áður.

Annað verkið sem ég valdi er mynd gerð úr leir. Ég veit ekki á þessari stundu hver gerði það, en ég mun komast að því áður en langt um líður. Þetta fallega verk hefur fangað athygli mína síðan ég sá það fyrst og til greina kemur að það verði hengt upp inni á skrifstofu minni. Þar fær verkið þá birtu sem það þarf til að það njóti sín betur en það gerði á dimmum gangi áður. Ég tók af því mynd þar sem það er í geymslu núna, en ég mun taka mynd af því aftur þegar það verður komið upp á réttan stað og þá get ég fjallað nánar um stærð þess, eftir hvern það er og hvenær það var gert. Í huga mínum eru að verða til hugmyndir um pólitískt inntak verksins. Nánar um það síðar.



Leirlistaverkið fallega þar sem það er í geymslu.

Hitt verkið, eða réttara sagt verkin því þau eru þrjú því þau mynda í mínum huga eina heild eru eftir Ragnheiði Jónsdóttur og þau eru gerð 1976. Verkin eru öll svart hvítar grafíkmyndir. Þau eru öll unnin á þeim tíma þegar kvenfrelsihugmyndir fóru sem eldur í sinu um þjóðfélagið. Meira um það síðar.



Myndir eftir Ragnheiði Jónsdóttur teknar af síðunni:

<http://icelandreview.com/stuff/reviews/2013/01/14/art-books-and-women-ragnheidur-jonsdottir>



Mynd eftir Ragnheiði Jónsdóttur sem ég tók.

Reykjavík 12.september 2015
Sigurlaug Kristmannsdóttir